

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana		
Stjórnarfundur	Dagsetning:	2. febrúar 2023	Tími: 12:00 – 12:50
Fundarstaður:	Guðrúnartún 1 og Teams		
Fundarstjóri:	KS		
Ritari:	AH		
Á fundinn mættu:	Ásdís Ármannsdóttir (ÁÁ), Björgvin Víkingsson (BV), Díana Óskarsdóttir (DÓ), Eydís Línal Finnbogadóttir (ELF), Ingileif Oddsdóttir (IO), Kristján Sverrisson (KS) og Anna Hermannsdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins		
Fjarverandi:	Bergþóra Þorkelsdóttir (BÞ)		

Fundargerð stjórnarfundar FFR 2. febrúar 2023

1. Fundargerð stjórnarfundar 12. janúar 2023

Fundargerð stjórnarfundar 12. janúar sl. samþykkt.

2. Kjaramál

KS gerði grein fyrir fundi með Kristínu Lindu Árnadóttur formanni samninganefndar ríkisins (SNR) og tveimur öðrum fulltrúum úr nefndinni. Af hálfu FFR sátu fundinn KS og AH. Formaður SNR boðaði til fundarins í þeim tilgangi að upplýsa FFR um stöðuna í kjarasamningamálum á opinberum vinnumarkaði, þar sem það sé á ábyrgð forstöðumanna að framfylgja kjarasamningum á hverjum tíma og jafnframt mikilvægt að heyra sjónarmið þeirra um framkvæmd kjarasamninga. Formaður SNR reifaði meðal annars þá hugmynd hvort tilefni væri til þess að virkja nokkurs konar bakhóp úr hópi forstöðumanna til þess að auðvelda upplýsingaflæði og eftir atvikum samtal milli aðila. Ýmislegt bar á góma á fundinum, svo sem stofnanasamningar, orlofsmál, veikindaréttur og ákvæði starfsmannalaga.

3. Félagsstarfið framundan

AH gerði grein fyrir stöðunni á viðburðum framundan, tölvupóstur þess efnis hefur verið sendur út til félagsmanna.

4. Önnur mál

- Umræða um önnur laun og hækkun á launatöflu forstöðumanna. Í framkvæmd er hækkunin reiknuð á heildarlaunin og hún öll sett á grunnlaunin, þ.e. sem hækkun á launatöflu, en önnur laun haldast óbreytt. Vægi annarra launa hefur því minnkað frá því kerfið var tekið upp og á móti hefur vægi grunnlauna (dagvinnulauna) hækkað. Þannig er þetta framkvæmt hjá öllum forstöðumönnum sem eru í grunnmatinu.

- Umræða um hvað það reynist erfitt fyrir forstöðumenn að takast á við erfið starfsmannamál í því lagaumhverfi sem þeim er gert að starfa í. Brýnt að halda umræðu um þau mál lifandi. Bæði þyrfti að breyta lagaumhverfinu og auka stuðning við forstöðumenn að þessu leytinu.